

ÚSTEF SUMARFRÉTTABRÉF

Miðsumarsúthlutun 2024


Miðsumarsúthlutun hefur farið fram. Hún er fyrri hluti Aðalúthlutunar 2024, en seinni hlutinn greiðist í desember. **Miðsumarsúthlutun nemur nú um 160 milljónum** og hefur aldrei verið hærri. Áætlað er að Aðalúthlutun í ár muni nema alls u.þ.b. 320 milljónum, þannig að Miðsumarsúthlutun er hartnær helmingur af heild Aðalúthlutunar.

Miðsumarsúthlutun í ár felur í sér eftirfarandi:

- 60-70% af spilun á innlendum útvarps- og sjónvarpsstöðvum á árinu 2023.
- Öll skilgreind bakgrunnstónlist (s.k. „fyrirtækjastreymi“) á árinu 2023.
- Hluti af óskilgreindri bakgrunnstónlist á árinu 2023.
- Spilun í kvikmyndahúsum á árinu 2023.
- Tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands.
- Spilun í vélum Ícelandair á árinu 2023.

Seinni hlutinn, í desember, mun síðan fela í sér hluta af útvarps- og sjónvarpsspilun, hluta af greiðslu fyrir óskilgreinda bakgrunnstónlist og greiðslu fyrir tónlist í kirkjuathöfnum. Einnig verður þá greitt fyrir frumflutning á árinu 2023 og eintakagerð til einkanota (IHM).

Þróun Miðsumarsúthlutunar undanfarin ár:



Friðrik hlaut „Langspilið“



„Langspilið“ 2024 var afhent í vor, en það eru sérstök verðlaun STEFs, sem árlega falla í skaut höfundar sem að mati stjórnar er talinn hafa skarað fram úr og náð eftirtektarverðum árangri á nýliðnu ári. Verðlaunahafi ársins er **Friðrik Karlsson**.

Ferill Friðriks er langur og farsæll. Fyrstu sporin sté hann á unglingsárum með danshljómsveitum, en snemma hneigðist Friðrik til jazz- og fönktónlistar og varð einn af stofnendum **Mezzoforte**, sem á miðjum níunda áratugnum sló í gegn erlendis og má með sanni kalla brautryðjanda íslenskrar tónlistarútrásar.

Samhliða spilmennsku innan- og utanlands hefur Friðrik á undanförnum árum gefið sig mjög að svokallaðri „lífstílstónlist“, sem jafnan tengist hugleiðslu og heilsurækt í víðu samhengi. Það er einkum á því sviði sem vegur hans hefur vaxið mjög og árangur aukist á undanförunum misserum.

Á meðfylgjandi mynd kemur Friðrik sjálfum sér fyrir á meðal annarra langspilshafa á sérstökum heiðursvegg í höfuðstöfðum STEFs.

Nýtt fulltrúaráð & ný stjórn



Nýtt fulltrúaráð var kjörið í marsmánuði. Ráðið er æðsta stofnun STEFs, kjörið af almennum félagsmönnum til tveggja ára í senn og skipað 21 fulltrúa. Formenn aðildarfélaga STEFs (TÍ og FTT) eru sjálfkjörnir, en 19 fulltrúar kjörnir í kosningu annað hvert ár.

Alls bárust 32 framboð, þannig að kjósendur höfðu í mörg horn að líta. Það er ánægjulegt til þess að vita að í hópí rétthafa séu margir viljugir til að bjóða fram krafta sína og sinna trúnaðarstörfum.

Fulltrúaráð STEFs 2024-2026 er þannig skipað:

Bergrún Snæbjörnsdóttir
Bergur Þórisson
Bragi Valdimar Skúlason
Edda Borg Ólafsdóttir
Eðvarð Egilsson
Eypór Gunnarsson
Halldór Smárason
Hallur Ingólfsson
Hildigunnur Rúnarsdóttir
Hildur Kristín Stefánsdóttir
Hrafnkell Pálmarsson

Logi Pedro Stefánsson
Magnús Jóhann Ragnarsson
María Huld Markan
Óttarr Proppé
Páll Ragnar Pálsson
Samúel J. Samúelsson
Sigurður Flosason
Sóley Stefánsdóttir
Steinar Baldursson
Þuríður Jónsdóttir

Aðalfundur fulltrúaráðs var haldinn þann 10. maí. Á fundinum kaus ráðið nýja stjórn, sem sitja mun næstu tvö árin, líkt og fulltrúaráðið. Stjórnin er þannig skipuð: **Páll Ragnar Pálsson** (formaður), **Bragi Valdimar Skúlason** (varaformaður), **Hallur Ingólfsson**, **Hildur Kristín Stefánsdóttir**, **Halldór Smárason**, **Sóley Stefánsdóttir** og **Magnús Jóhann Ragnarsson**, en þau þrjú síðastnefndu koma inn í stjórn í fyrsta skipti.

Tónleikar: Breyttar reglur, hærri úthlutun



Í vor var gerð breyting á reglum fyrir tónleikaúthlutanir. Breytingin er að sænskri fyrirmynd og felst í því að innheimt fé af tónleikum sem ekki er hægt að tengja spilunarlistum, sökum þess að þeir hafa ekki borist, verður að hluta til bætt ofan á úthlutun fyrir þá tónleika sem úthlutað er fyrir hverju sinni, þ.e.a.s. þá sem fylgt hafa lagalista, en það er grundvallarskilyrði fyrir því að hægt sé að úthluta.

Fram til þessa hefur þessu „munaðarlausu“ fé verið bætt ofan á úthlutun fyrir útvarp og sjónvarp í aðalúthlutun hvers árs.

Með þessu er hægt að úthluta hærri upphæð á hvern lagalista. En jafnframt er horft til þess að þetta megi verða tónleikahöldurum hvatning til að skila inn lagalistum.

Stjórn STEFs ákvað að hækkunin yrði 10% umfram það sem ella hefði verið úthlutað fyrir viðkomandi tónleika. Þess má geta að umsýslupóknun fyrir tónleikaúthlutanir hefur einmitt verið 10%, þannig að líta má svo á að með þessari hækkun nállist umsýslupóknunin út.

Lagasmíðabúðir í Zakopane



Í maí sóttu tveir meðlimir STEFs lagasmíðabúðirnar *SyncCamp* í Póllandi, sem ZAIKS, systursamtök STEFs og Music Export Poland hafa staðið fyrir um nokkurra ára skeið, en áhersla er þar lögð á tónlist fyrir kvikmyndir og sjónvarp. Þetta var í fjórða skiptið sem okkur hefur boðist að senda höfunda þangað. Ferðasjóður STEFs greiðir kostnað við ferðalagið, en annað er í höfðinglegu boði námskeiðshaldara.

Fulltrúar STEFs í ár voru þau **Eygló Höskuldsdóttir Viborg** og **Karl Örvarsson**, sem sendi okkur eftirfarandi umsögn við heimkomu:

„Þetta hefur verið sannkallað ævintýri og ég er óendanlega þakklátur fyrir þetta tækifæri. Aðstandendur hér og leiðbeinendurnir eru fyrsta flokks og þekking þeirra og víska sem þau hafa deilt er ómetanleg! Sambönd hafa orðið til og svo síðast en ekki síst undursamleg tónlist. Þúsund þakkir til ykkar hjá STEFi.“

ZAIKS eru strax farin að huga að búðum næsta árs og staðfest er að STEFi mun áfram bjóðast að senda fulltrúa. Við munum auglýsa eftir umsóknun þegar þar að kemur.

Ársreikningur STEFs 2023



Ársreikningur STEFs var kynntur og samþykktur á aðalfundi 10. maí. Heildartekjur STEFs á liðnu ári námu tæplega **1.230** þúsund krónum og hafa aldrei verið hærri. Að teknu tilliti til rekstrargjalda voru tekjur um **1.035** þúsund (s.k. hreinar tekjur), sem er hækkun um 19,3% á milli ára. Heildarúthlutun til réttihafa árið 2023 nam tæplega **900** milljónum.

Hér er að finna árs- og gegnsæisskýrslu ársins, sem auk lykiltalna úr ársreikningi geymir ýmsa tölfræði og yfirferð um starfsemina á undanförunum 12 mánuðum.

Hér er að finna ársreikning STEFs fyrir árið 2023.

Gleðilegt söngvasumar! 🎤

